



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEIMSMÓT SKÁTA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og forsetafrú Dorrit Moussaieff munu á morgun laugardaginn 4. ágúst heimsækja íslensku þátttakendurna í heimsmóti skáta sem haldið er í Hyland Park í Essex héraði í Bretlandi. Rúmlega 400 íslenskir skátar taka þátt í heimsmótinu og er það fjölmennasti hópur Íslendinga sem tekið hefur þátt í alþjóðlegu unglíngamóti. Um þessar mundir er skátahreyfingin 100 ára og af því tilefni er sérstaklega vandað til heimsmótsins. Rúmlega 40.000 skátar frá um 160 löndum taka þátt í mótinu. Aldrei áður hafa jafnmargir skátar tekið þátt í heimsmóti.

Forsetahjónin koma á mótsvæðið uppúr hádegi á morgun þar sem Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi, Bragi Björnsson varaskátahöfðingi og Þorsteinn Sigurðsson fararstjóri Íslendinganna taka á móti þeim. Forsetahjónin munu fara um tjaldbúðir Íslendinganna og heimsækja sérstaklega svæði þar sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg kynnir starfsemi sína. Þá munu þau einnig heimsækja sýningarstaði ýmissa alþjóðastofnana sem taka þátt í heimsmótinu og Miðstöð skátastarfsins, höfuðstöðvar allra þáttökulandanna.

Að því loknu verður samkoma með sérstakri dagskrá og munu allir íslensku skátarnir taka þátt í henni og kynna forseta reynslu sína af mótinu.

3. ágúst 2007

*Nánari upplýsingar um heimsókn forsetahjóna á Heimsmót skáta veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Margrét Tómasdóttir skátahöfðingi (661-2363) og Þorsteinn Sigurðsson fararstjóri (896-0889)*